



Svífðu litla, létta blað ...

Pólskuskóli

Nú er ætlunin að gera tilraun til þess að bjóða pólskum börnum upp á kennslu í móðurmáli sínu. Ritarar grunnskólanna hafa fengið sendar auglýsingar sem við báðum um að yrðu sendar til foreldra pólskra barna en kynningarfundur fyrir foreldra verður haldinn að Rósenborg, 3. hæð, laugardaginn 19. október kl. 11:00.

Ung, pólsk stúlka ætlar að taka að sér þetta tilraunaverkefni og hún hefur þegar farið til Reykjavíkur í kynnisferð í pólska skólann þar (<http://polskaszkola.is/>)

Áhersla verður lögð á fjölbreytta nálgun í kennslu, bæði leiki og sköpun, tungumál og menningu. Stefnt er að því að skipta krökkunum í tvo hópa eftir aldri.

Mjög gott væri ef kennarar spyrðu pólska nemendur sína um hvort þeir viti af þessum skóla en hann hefur einnig verið auglýstur í Dagskránni.



Byrjendalæsi

Margir kennarar yngstu erlendu barnanna hafa saknað þess að eiga ekki upplýsingar handa foreldrum um Byrjendalæsi. Nú er verið að koma grunnupplýsingum á nokkur tungumál og bætist smám saman við. Fyrstu skjölín eru á íslensku, ensku og litháísku en næst vona ég að komi inn upplýsingar á pólsku og lettnesku. Flipi merktur **Byrjendalæsi** er því kominn á heimasíðuna www.akmennt.is/erlendir.

Foreldrafundur og leiðsagnarmat

Minni á grunn leiðsagnarmats á heimasíðunni undir flípanum **Námsmat** á nokkrum tungumálum. Ég get sent ykkur matsformið í wordskjali, svo að hægt sé að aðlaga það eftir þörfum.

Blöð til að boða erlenda foreldra á fundi eru undir flípanum **Skóli—heimili** á 6 tungumálum.

Samræða til náms

Samræða er mikilvæg í námi erlendra nemenda, eykur skilning þeirra og orðaforða — og hið sama má auðvitað segja um alla aðra nemendur. Oft er gott að nota myndir til umræðu — eða biðja nemendur um að ræða saman um myndir og skrifa um þær. Hér er dæmi um hvernig gamalt námsefni hefur fengið nýtt hlutverk í vinnu með orðaforða og tjáningu. Smá málfræði bætt við ☺



Með bestu kveðju,
Helga